

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 150 21. júní 1972 um orlof, samanber
breytingar á reglugerðinni nr. 161/1973 og 39/1974.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Þegar launþegi hyggst fara í orlof, skal hann fá vottorð vinnuveitanda síns um það, hvaða daga hann verði í orlofi. Einnig skal hann fá vottorð trúnaðar-
manns verkalýðsfélags síns, þess efnis, að honum sé kunnugt um fyrirhugaða
orlofstöku.

Samhliða reikningsyfirliti því, sem launþegi fær við lok orlofsárs, fær hann
jafnframt ávísun á orlofsfé. Skal þar vera rúm fyrir framangreind vottorð svo og
kvittun fyrir móttöku orlofsfjárins.

Auk ávísunar þeirrar, sem send er launþegum í maí ár hvert, skal senda sjó-
mönnum á fiskiskípum, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., viðbótarávísun eigi síðar en
15. júlí ár hvert vegna uppgjörs miðað við 15. maí næsta á undan.

Að fullnægðum skilyrðum 1. og 2. mgr. á launþegi rétt til að innleysa ávísun-
ina á orlofsfé á næstu póststöð, allt að 3 vikum fyrir fyrirhugaða orlofstöku, þó
ekki fyrr en eftir lok orlofsársins.

Skólanemendur, sem nám stunda í viðurkenndum skólum, þar sem skólaárið
er 6 mánuðir eða lengra, eiga rétt til endurgreiðslu á orlofsfé, sem greitt hefur verið
þeirra vegna til póststöðva. Orlofsféð er endurgreitt eftir útsendingu 2. og 3. reikn-
ingsyfirlits orlofsársins samkv. 5. gr. um eins mánaðar tíma frá dagsetningu yfir-
litanna. Endurgreiðsla er háð því skilyrði, að skólastjóri riti á reikningsyfirlitin,
að viðkomandi sé skráður til náms í skóla hans. Skólastjórum er einnig heimilt
að árita ávísun á orlofsfé í lok orlofsársins, hafi endurgreiðsluréttur á orlofsárinu
ekki verið notaður.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar bætist við ný málsgrein svo hljóðandi:

Á árinu 1974 skal ávísun á orlofsfé, sbr. 2. mgr. 7. gr., ná til innborgaðs orlofs-
fjár fyrir launatímabilið 1. maí 1973 til 31. mars 1974. Auk þess skal senda við-
bótarávísun vegna innborgaðs orlofsfjár fyrir aprílmánuð 1974, eigi síðar en 15.
júlí 1974.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1971
og breyting á þeim lögum nr. 12 28. mars 1974, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.